

Fimmtudaginn 24. nóvember 1988.  
Nr. 344/1988. **Leifur Haraldsson**

(Ólafur Axelsson hrl.)  
gegn

**Rafiðnaðarsambandi Íslands**  
(Jón Þorsteinsson hrl.)

Kjarasamningar. Sjúkrasjóðsgjald. Orlofssjóðsgjald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember s.á., en héraðsdómur var upp kveðinn 8. apríl s.á.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og honum dæmd sýkna af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Jafnframt krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti og að hann beri vexti 15 dögum eftir dómsuppsögu samkvæmt lögum nr. 25/1987, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er öllum atvinnurekendum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Áfrýjandi er atvinnurekandi, sem hefur í þjónustu sinni rafiðnaðarmenn og nema í rafiðnaði. Stefnda er samband stéttarféлага rafiðnaðarins og nær það til landsins alls. Sambandið hefur innan sinna vébanda sjúkrasjóð og orlofsheimilasjóð samkvæmt áður nefndri 6. gr., en aðildarfélög þess ekki. Óumdeilt er að bæði útlærðir rafiðnaðarmenn og nemar eiga rétt til úthlutunar úr þessum sjóðum.

Hér fyrir dómi er ómótmælt, að áfrýjandi er félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi, sem er eitt aðildarfélaga Landssambands

rafverktaka. Jafnframt er hann aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Samkvæmt því á hann aðild að kjarasamningum vinnuveitenda við stefnda. Óumdeilt er að á þeim tíma er hér um ræðir voru ákvæði í þessum kjarasamningum um að vinnuveitendur greiddu 1% af útborguðu kaupi í styrktarsjóð stefnda og 0,25% af útborguðu kaupi í orlofssjóð sambandsins. Hér er um að ræða beinar greiðslur til stefnda. Ákvæði þessi giltu bæði fyrir útlærða rafíðnaðarmenn og nema.

Af því sem að ofan er rakið þykir leiða, að áfrýjandi sé skyldur til greiðslu í greinda sjóði af þeim starfsmönnum sínum sem starfa á sviði stefnda. Samkvæmt orðalagi og tilgangi 6. gr. laga nr. 55/1980, en tilganginum er lýst í greinargerð með lögum nr. 9/1974, sem lög nr. 55/1980 leystu af hólmi, skiptir ekki máli hvort starfsmenn áfrýjanda eru félagsbundnir eða ekki, enda verður við það að miða, samkvæmt málflutningi stefnda og reglum sjóðanna, að við greiðslu áfrýjanda öðlist starfsmenn hans full og óskoruð réttindi til úthlutunar úr sjóðum þessum.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda dags á dóms að öðru leyti en því, að hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði. Sama gildir um kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu í héraði.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. mars sl., höfðaði Rafíðnaðarsamband Íslands vegna styrktar- og orlofsheimilasjóða sambandsins gegn Leifi Haraldssyni, nnr. 6062-0512, rafverktaka, Botnahlíð 16, Seyðisfirði, með þingfestingu málsins 17. apríl 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði stefnanda skuldað fjárhæð kr. 63.560,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 12.167,00 frá 1. janúar 1983 til 31. október s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1984, með sömu vöxtum frá þeim degi af kr. 33.416,00 til 21. janúar 1984,

með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 2,5% dráttarvöxtum af kr. 63.560,00 frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi er rafverktaki og rekur rafmagnsverkstæði á Seyðisfirði. Stefndi mun vera félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi sem er eitt af aðildarfélögum Landsambands íslenskra rafverktaka sem aftur á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands. Að vísu kemur fram í greinargerð stefnda að hann telur sig ekki lengur eiga aðild að Landssbandi íslenskra rafverktaka því að hann hafi eigi greitt árgjöld til sambandsins fyrir árin 1984 og 1985 og jafngildi það úrsögn úr sambandinu. Hins vegar er því ekki mótmælt að stefndi eigi aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Stefnandi, Rafiðnaðarsamband Íslands, er heildarsamtök íslenskra rafíðnaðarmanna samkvæmt því sem segir í 2. gr. laga sambandsins sem samþykkt voru 27. - 28. maí 1983.

Í 3. gr. laganna, þar sem kveðið er á um tilgang Rafiðnaðarsambandsins, kemur fram að aðild að því eiga einstök stéttarfélög í rafiðnaði en ekki er þess getið að einstakir iðnaðarmenn í þeirri iðngrein eigi aðild að sambandinu.

Í 8. tl. 3. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Að stofna orlofsheimilásjóð með iðgjöldum þeim sem vinnuveitendur greiða á hverjum tíma, samkvæmt samningum sambandsins eða einstakra aðildarfélaga. Hlutverk sjóðsins skal vera að koma upp orlofsheimilum á þeim stöðum er henta þykir.“

Í 10. tl. 3. gr. laganna segir:

„Að tryggja félagsmönnum gagnkvæmt réttindi í veikinda- og slysatilfellum, m.a. með aðild að sameiginlegum sjúkrasjóði.“

Í 3. gr. reglugerðar fyrir Orlofsheimilásjóð rafiðnaðarmanna segir:

„Árlegar tekjur sjóðsins eru iðgjöld vinnuveitanda samkvæmt kjarasamningum, 10,25% af útborguðu kaupi rafiðnaðarmanna.“

Í 4. gr. reglugerðar fyrir Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna segir m.a. að tekjur sjóðsins séu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt samningum, a.m.k.

1% af útborguðum vinnulaunum sjóðfélaga. (Reglugerð þessi var samþykkt 16. og 17. maí 1985.)

Samkvæmt samningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaganna rafvirkja, Félags íslenskra skriftvélavirkja og Sveinafélags rafeindavirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra rafverktaka vegna aðildarfélaganna, Meistarafélags rafeindavirkja og Vinnuveitenda skriftvélavirkja hins vegar, 9. gr. 1., skulu vinnuveitendur greiða 1% af útborguðu kaupum og renna þær greiðslur í Styrktarsjóð RSI, en RSI mun vera skammstöfun fyrir Rafiðnaðarsamband Íslands.

Samkvæmt 9. gr. 2. sama samnings eiga vinnuveitendur að greiða 0,25% af útborguðu kaupum rafvirkja í orlofssjóð RSI og sömu hlutfallstölu af útborguðu kaupum í orlofssjóð LIR, sem mun vera skammstöfun fyrir Landsamband íslenskra rafverktaka. Í þessari grein samningsins er tekið fram að Lifeyrissjóður rafiðnaðarmanna annist innheimtu.

Stefnandi kveður báða aðila málsins vera aðila þessa kjarasamnings sem tók gildi 21. febrúar 1984 svo og annarra kjarasamninga á milli sömu aðila sem í gildi hafi verið á þeim tíma sem um ræðir í málinu og hafi haft að geyma samhljóða ákvæði, og er þessu ómótmælt af hálfu stefnda.

Samkvæmt samkomulagi á milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar um kaup og kjör iðnnema frá 26. október 1980 njóta iðnnemar fullrar aildar að sjúkrasjóðum og orlofssjóðum viðkomandi sveinafélaga og um greiðslur til sjóðanna fer eftir samkomulagi viðkomandi sveina- og meistarafélaga um þessi gjöld.

Stefnandi heldur því fram ómótmælt af hálfu stefnda að síðari samningar sömu aðila hafi að geyma sams konar ákvæði og að framan er rakið.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu framangreindra gjalda fyrir árin 1982 og 1984, samtals kr. 63.560,00.

Stefnandi sundurliðar kröfuna með þessum hætti:

**A. Orlofsheimilásjóðsgjöld:**

Árið 1982	kr. 2.433,00
“ 1983	kr. 4.250,00
“ 1984	kr. 6.029,00
	<hr/>
	kr. 12.712,00

**B. Styrktarsjóðsgjöld:**

Árið 1982	kr. 9.730,00
“ 1983	kr. 16.999,00
“ 1984	kr. 24.115,00
	<hr/>
	kr. 50.848,00

Kröfugerð stefnanda byggist á upplýsingum stefnda um launagreiðslur hans til starfsmanna á þessum árum og er ekki ágreiningur á milli aðila um fjárhæðir eða aðferðir við útreikning. Um er að ræða 6 starfsmenn að sögn stefnanda með sveinsréttindi og/eða meistararéttindi. Reyndar er það svo samkvæmt upplýsingum stefnda hinn 28. febrúar sl. að einn þessara manna er enn í námi. Kaup greitt þessum 6 starfsmönnum nam kr. 3.902.885,00 á árunum 1982 - 1984. Ennfremur er um að ræða 5 starfsmenn í námi samkvæmt sundurliðun stefnanda. Kaup greitt þessum hópi starfsmanna á árunum 1982 - 1984 nam kr. 1.181.994,00. Heildarlaunagreiðslur stefnda á þessum þremur árum sem stefnandi leggur til grundvallar kröfu sinni nema því kr. 5.084.879,00. 1,25% af þeirri fjárhæð er stefnufjárhæðin kr. 63.560,00.

Í 5. gr. reglugerðar um Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna eru ákvæði um það hverjir eiga réttindi í sjóðnum. Þau eru svohljóðandi:

„Rétt til bóta eða styrks úr sjóðnum hafa þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum.

a) Hafa verið fullgildir sjóðfélagar og greitt tilskilin gjöld til sjóðsins eða þeirra sjóða, sem mynda stofnfé hans, sbr. 2. gr., í að minnsta kosti 6 mánuði áður en styrkveiting fer fram.

b) Vinna hjá atvinnurekendum sem eiga að greiða 1% gjaldið til sjóðsins.

c) Vinna hjá öðrum atvinnurekendum og greiða til sjóðsins auk iðgjalds samkvæmt b-lið 4. gr. 1% af árslaunum sínum.

d) Vinna tímabundið í öðrum starfsgreinum og greiða til sjóðsins hlutfallslegt gjald miðað við c-lið þessarar greinar.“

Í 2. gr. reglugerðar fyrir Orlofsheimilasjóð rafiðnaðarmanna er kveðið á um það að tilgangur sjóðsins sé að koma upp orlofsbúðum fyrir félagsmenn aðildarfélaganna stefnanda og í 5. gr. er kveðið á um notkun þeirra. 5. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi:

„Orlofshús þau sem sjóðurinn eignast skulu vera til afnota fyrir þá félagsmenn í aðildarfélögum rafiðnaðarsambandsins sem iðgjald á að greiðast af til sjóðsins.

Skal miðstjórn úthluta hverju aðildarfélagi árlega orlofsdögum í réttu hlutfalli við innborguð iðgjöld af félagsmönnum hvers aðildarfélags næsta árið á undan.

Stjórnir aðildarfélaganna skipta orlofsdögum á milli félagsmanna sinna.

Aðildarfélagi sem ekki hefur í samningum sínum við vinnuveitendur ákvæði um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, er heimilt að vera aðili að sjóðnum, enda greiði félagið iðgjald til sjóðsins sem nemur meðaltali innborgaðra iðgjalda á hvern félagsmann. Njóta þá félagsmenn þess fullra réttinda í sjóðnum samkvæmt reglugerð þessari.“

## II.

Stefnandi kveðst fyrst og fremst byggja kröfu sína á þeirri skyldu allra atvinnurekenda, sem kveðið sé á um í 6. gr laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, að þeir greiði í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau sem aildarsamtök vinnumarkaðarins semji um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum er kjarasamningar greini.

Þessi lagagrein sé samhljóða 3. gr laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl., en þessi lög hafi lög nr. 55/1980 leyst af hólmi. Fram komi í athugasemdum við frumvarpið til laga nr. 9/1974 að tilgangur lagasetningarinnar hafi m.a. verið sá að gefnu tilefni í dómum Hæstaréttar að koma í veg fyrir að atvinnurekendur gætu komið sér hjá því að greiða þessi iðgjöld með því að standa utan samtaka vinnuveitenda og að því tilskildu að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtaka.

Samkvæmt þessu skipti ekki máli þótt atvinnurekandi standi utan samtaka vinnuveitenda eða starfsmáður utan samtaka launþega, gjöldin eigi engu að síður að greiða.

Stefndi sé reyndár félagi í Félagi rafverktaka á Austurlandi, þar sem hann hafi ekki sagt sig úr því félagi samkvæmt lögum þess eða verið vikið úr því. Það félag eigi aðild að Landssambandi íslenskra rafverktaka sem eigi aftur aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt samningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands vega aðildarféлага rafvirkja, Félags íslenskra skriftvélavirkja og Sveinafélags rafeindavirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Landssambands íslenskra rafverktaka vegna aðildarféлага, Meistarafélags rafeindavirkja og Vinnuveitenda skriftvélavirkja hins vegar, 9. gr. 1., skuli vinnuveitendur greiða 1% af útborguðu kaupum í styrktarstjóð stefnanda.

Samkvæmt 9. gr. 2. sama samnings eigi vinnuveitendur að greiða 0,25% af útborguðu kaupum rafvirkja í orlofssjóð stefnanda.

Hér sé um að ræða þær reglur sem vísað sé til í 6. gr. laga nr. 55/1980.

Enda þótt 6. gr. laga nr. 55/1980 yrði ekki talin ná til deiluefnisins í þessu máli myndi stefndi engu að síður vera greiðsluskyldur samkvæmt framangreindum ákvæðum kjarasamninga.

Þótt starfsmenn stefnda hafi ekki átt aðild að stéttarfélagi skipti það ekki máli eins og fyrir greini að enda þótt svo hagi til óðlist þeir réttindi í framan- greindum sjóðum sé greitt af launum þeirra í sjóðina.

Þegar talað sé um viðkomandi stéttarfélag í lögum eða samningum sé komin hefð á að það þýði hið sama og samband stéttarféлага þegar stéttarfélag sé ekki fyrir hendi.

Samkvæmt samkomulagi milli Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar um kaup og kjör iðnæma frá

26. október 1980 og síðari samningum milli sömu aðila njóti iðnnemar fullrar aðildar að sjúkrasjóðum og orlofssjóðum viðkomandi sveinafélaga og um greiðslur til sjóðanna fari eftir samkomulagi viðkomandi sveina- og meistarafélaga um þessi gjöld.

Af hálfu stefnda er því lýst yfir að ekki sé ágreiningur milli aðila í máli þessu um annað en skyldu stefnda til að greiða umstefnda fjárhæð. Stefndi byggji kröfu sína um sýknu á því að starfsmenn hans hafi ekki verið í neinu aðildarfélagi innan vébanda stefnanda og reyndar ekki í neinu stéttarfélagi. Stefnda beri því ekki skylda til þess að greiða þau gjöld sem krafist er en í 6. gr. laga nr. 55/1980 og einnig í 3. gr. laga nr. 9/1974 sé talað um að greiða eigi í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga. Þegar þau séu ekki til sé heildur ekki um greiðsluskyldu að ræða. Stefndandi sé ekki stéttarfélag eða félag sem skylt sé að vera í. Starfsmenn stefnda hafi engan hag af því að þessi gjöld séu greidd því að þeir njóti ekki réttinda í sjóðunum, en ekki sé skýrt kveðið á um réttindi þeirra sem ekki séu í aðildarfélögum stefnanda í reglugerðum sjóðanna tveggja.

Því sé ekki mótmæt að stefndi sé aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands. Starfsmenn stefnda eigi hins vegar ekki aðild að þeim kjarasamningum sem stefndi eigi aðild að og stefndi hafi greitt þeim kaup sem sé hærra en samningar kveði á um. Starfsmenn stefnda gætu stofnað stéttarfélag og öðlast þannig aðild að kjarasamningum, en meðan svo sé ekki geti greiðsluskylda stefnda ekki byggst á þeim.

#### *Niðurstaða dómsins.*

Óumdeilt er að stefndi á aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands. Hann er atvinnurekandi í skilningi laga nr. 55/1980 og samkvæmt 6. gr. þeirra laga er honum skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga.

Ætla verður að með viðkomandi stéttarfélagi sé í skilningi nefndrar lagagreinar átt við það stéttarfélag sem starfsmenn atvinnurekandans eiga aðild að.

Samkvæmt sömu lagagrein fer um gjöld til þessara sjóða eftir kjarasamningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins.

Í því tilviki sem hér um ræðir fer um gjöld þessi eftir gr. 9.1. og gr. 9.2. í kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 og samskonar ákvæðum í öðrum þeim kjarasamningum sem gerðir voru á milli þessara aðila á þeim tíma sem um ræðir í máli þessu, en óumdeilt er að þau er þar að finna.

Ennfremur myndi um gjöld þessi fara eftir samkomulagi Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands að því er iðnnema varðar, en það er einnig óumdeilt að samskonar ákvæði og er í samkomulagi þess-

ara aðila frá 26. október 1980 var í gildi á þeim tíma sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum kjarasamnings er greiðsluskylda vinnuveitenda ekki sérstaklega bundin því að starfsmenn hans séu í stéttarfélagi.

Greiðsluskyldu stefnda verður að telja ótvíræða samkvæmt þeim ákvæðum laga og kjarasamninga sem að framan eru rakin svo langt sem þau ná.

Um þetta er í sjálfu sér ekki deilt í málinu heldur hitt hvort greiðsluskyldan sé bundin því að starfsmenn atvinnurekandans eigi aðild að stéttarfélagi, en óumdeilt er að svo var ekki um starfsmenn stefnda.

Þá heldur stefndi því og fram að hann sé ekki skyldur til að greiða þar sem starfsmenn hans njóti ekki réttinda í þeim sjóðum sem stefnandi krefur um gjöld fyrir.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 eru laun og önnur kjör sem aðildarfélög vinnumarkaðarins semja um lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem samningurinn tekur til. Samkvæmt þessari grein skiptir ekki máli hvort launamenn eru í stéttarfélagi eða ekki. Þeir eiga að njóta samningsbundinna kjara í öllum tilvikum, þar á meðal að atvinnurekandi greiði þeirra vegna í sjúkrasjóði og orlofssjóði sé svo um samið.

Þótt um viðkomandi stéttarfélög sé talað í 6. gr. laga nr. 55/1980 verður hún ekki skilin svo samkvæmt forsögu hennar að greiðsluskylda atvinnurekanda falli niður sé starfsmaður hans ekki í stéttarfélagi, a.m.k. ekki ef fyrir hendi er sjúkrasjóður og orlofssjóður sem starfsmaðurinn nýtur eða getur notið réttinda í.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna er hlutverk hans að greiða bætur til sjóðfélaga í slýsa- og veikindatílfellum. Í 5. og 6. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um það hverjir njóti bóta eða styrks úr sjóðnum og hverjir ekki. Af þessum greinum verður ekki betur séð en að starfsmenn stefnda geti notið þar fullra réttinda ef greitt er í sjóðinn þeirra vegna og að öðrum ákveðnum skilyrðum uppfylltum sem ná jafnt til allra sjóðfélaga án tillits til þess hvort þeir eru í stéttarfélagi eða ekki.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing formanns og gjaldkera stefnanda um að starfsmenn stefnda njóti fullra réttinda í báðum sjóðunum sé í þá greitt þeirra vegna. Þessi yfirlýsing hefur að vísu ekki verið staðfest fyrir dóminum, en ekki verið mótmælt af hálfu stefnda sem rangri eða óstaðfestri heldur einungis á þann hátt að um of rúma túlkun á reglugerð sjóðanna sé að ræða.

Samkvæmt framansögðu verður að telja ótvíræða skyldu stefnda til að greiða umkrafin gjöld í styrktarsjóðinn.

Í reglugerð fyrir orlofssjóð stefnanda er ekki skýrt ákvæði um réttindi

rafiðnaðarmanna í sjóðnum, þeirra sem ekki eru í aðildarfélagum stefnanda. Hins vegar verður ekki séð að framangreindar yfirlýsingar formanns og gjaldkera stefnanda fái ekki staðist þrátt fyrir það. Þegar litið er til þeirrar lagaskyldu stefnda sem að framan er lýst, ákvæða kjarasamninga og þess hvernig reglugerð orlofssjóðsins hefur verið skýrð þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig að skylda hans til að greiða í orlofssjóðinn sé ekki fyrir hendi vegna þess að óljóst sé hvort starfsmenn hans njóti réttinda í sjóðnum.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða dómsins sú að stefnda beri skylda til að greiða stefnanda umkrafin gjöld og verða því kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 28.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

**D ó m s o r ð:**

Stefndi, Leifur Haraldsson, greiði stefnanda, Rafiðnaðarsambandi Íslands, vegna styrktarsjóðs og orlofssjóðs kr. 63.560,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 12.167,00 frá 1. janúar 1983 til 31. október s.á., 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 3,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1984, með sömu vöxtum frá þeim degi af kr. 33.416,00 til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 2,5% dráttarvöxtum af kr. 63.560,00 frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Kostnaður kr. 28.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.